



# Ársskýrsla **HAUST** **2009**



Sent Heilbrigðisnefnd Austurlands, sveitarfélögum á  
Austurlandi, SSA, Umhverfisstofnun og  
Matvælastofnun

# ÁRSSKÝRSLA HAUST 2009

## 1 Formáli - Um heilbrigðiseftirlit


### 1.1 Stjórnsýsluleg skipan

Heilbrigðiseftirlit er rekið af sveitarfélögum skv. lögum nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir, en þar segir í 10. gr. *“Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg”*.

Í landinu eru 10 heilbrigðiseftirlitssvæði og hafa þau með sér samtök, Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, sem voru stofnuð árið 1999. Formaður heilbrigðisnefndar Austurlands er formaður samtakanna og hefur svo verið frá hausti 2005.

Starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlands er skv. hollustuháttalögum nr. 7/1998 Austurlandskjördæmi eins og það var þegar lögin voru sett. Starfssvæðið nær nú frá Sandvíkurheiði í norðri og vestur fyrir Skaftafell í suðri. Þ.e. öll sveitarfélög á Austurlandi eiga aðild að byggðasamlagi um HAUST, að undanskyldum þeim hluta sem áður var Skeggjastaðahreppur, en tilheyrir nú Langanesbyggð. Sveitarfélagið Hornafjörður stendur einnig að rekstri HAUST. Þótt það tilheyrir nú Suðurlandinu.

### 1.2 Skipurit fyrir HAUST



## 2 Efnisyfirlit

|       |                                                                           |    |
|-------|---------------------------------------------------------------------------|----|
| 1     | Formáli - Um heilbrigðiseftirlit .....                                    | 2  |
| 1.1   | Stjórnsýsluleg skipan .....                                               | 2  |
| 1.2   | Skipurit fyrir HAUST .....                                                | 2  |
| 2     | Efnisyfirlit .....                                                        | 3  |
| 3     | Inngangur .....                                                           | 4  |
| 3.1   | Skammstafanir .....                                                       | 4  |
| 4     | Heilbrigðisnefnd .....                                                    | 5  |
| 4.1   | Starf Heilbrigðisnefndar .....                                            | 5  |
| 5     | Starfslið HAUST árið 2009 .....                                           | 6  |
| 5.1   | Starfsmenn 2009 .....                                                     | 6  |
| 5.2   | Stöðugildi og starfsmannafjöldi .....                                     | 7  |
| 5.3   | Menntun og endurmenntun starfsliðs .....                                  | 8  |
| 6     | Samstarf út fyrir Austurland .....                                        | 9  |
| 6.1   | Vinnuhópar HES, UST og MAST .....                                         | 9  |
| 6.2   | Vorfundur .....                                                           | 10 |
| 6.3   | Haustfundur .....                                                         | 10 |
| 6.4   | Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða .....                                    | 10 |
| 7     | Stjórnsýsla .....                                                         | 10 |
| 7.1   | Fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja og skipting eftir sveitarfélögum ..... | 10 |
| 7.2   | Fjárhagsáætlun og gjaldskrármál .....                                     | 12 |
| 7.3   | Yfirtaka eða framsal eftirlits frá UST til HAUST .....                    | 12 |
| 7.4   | Samskipti MAST og HES .....                                               | 13 |
| 8     | Starfsleyfi og eftirlitsverkefni ársins 2009 .....                        | 13 |
| 8.1   | Starfsleyfi fyrirtækja .....                                              | 13 |
| 8.1.1 | Fjöldi útgefinna leyfa .....                                              | 13 |
| 8.2   | Tóbakssöluleyfi .....                                                     | 14 |
| 8.3   | Eftirlit í fyrirtækjum .....                                              | 14 |
| 8.4   | Kvartanir .....                                                           | 15 |
| 8.5   | Samstarfsverkefni UST eða MAST og HES .....                               | 16 |
| 8.6   | Efst á baugi í matvælaeftirlitinu .....                                   | 16 |
| 8.6.1 | Vatnsveitur og sýnatökur á neysluvatni .....                              | 16 |
| 8.6.2 | Ís úr vél. ....                                                           | 18 |
| 8.6.3 | Innra eftirlit í matvælafyrirtækjum .....                                 | 18 |
| 8.6.4 | Matbornir sjúkdómar .....                                                 | 19 |
| 8.7   | Efst á baugi í mengunarvarnaeftirliti .....                               | 19 |
| 8.7.1 | Eftirlit með virkjanaframkvæmdum. ....                                    | 19 |
| 8.7.2 | Fráveitumál og olíuskiljur .....                                          | 20 |
| 8.8   | Fréttir af hollustuháttaeftirliti .....                                   | 20 |
| 8.8.1 | Fjallaskálar .....                                                        | 20 |
| 8.8.2 | Baðstaðir .....                                                           | 20 |
| 8.8.3 | Íþróttahús. ....                                                          | 21 |
| 8.8.4 | Gæludýr .....                                                             | 21 |
| 9     | Um sýnatökur .....                                                        | 22 |
| 10    | Lokaorð .....                                                             | 22 |

Forsíðumynd: Bláklukka á Lónsöræfum. Erla Dóra Vogler




### 3 Inngangur

Rekstur ársins 2009 einkenndist af miklum sparnaði og aðhaldssemi, enda fór fjárhagsáætlun ársins 2008 langt fram úr áætlun hjá HAUST eins og svo mörgum það árið. Sem betur fer tókst að hafa peningahliðina réttu megin við núllið á árinu 2009, en það var ekki auðvelt. Tölvubúnaður er nú að hluta til orðinn úreltur og mun þarfnast endurnýjunar á næstu vikum. Bifreiðar HAUST eru einnig orðnar eldri en gott þykir, en hefð hefur verið fyrir að endurnýja þær áður en þær falla í endursöluverði, þ.e. við 5 ára aldur eða 100 þús km akstur. Húsaleiga var endurskoðuð á árinu og tókst að lækka húsaleigukostnað allnokkuð, en það mun koma til góða á árinu 2010. Ferðalög vegna funda og námskeiða voru mjög skörin niður, sérstaklega seinni part ársins og fleira mætti telja. Starfsmenn hafa verið mjög samtaka í sparnaðaraðgerðum og litið á þær sem hvert annað verkefni. Þar ber að þakka.

Óvenjuferritt var að ljúka eftirlitsverkefnum ársins. Ástæður þess eru aðallega tvær. Annars vegar að verkefni á Kárahnjúkasvæði voru fleiri en búist var við og hins vegar að verkefni voru flutt milli starfsmanna í kjölfar mannabreytinga. Áhersla var lögð á að ljúka eftirlitsferðum fyrir lok ársins, en skýrsluskrif voru látin bíða fram yfir áramótin þar sem nauðsyn krafði.

Eftirfarandi skema sýnir tengslanet og að málefni heilbrigðiseftirlits falla nú undir tvö ráðuneyti, en eru stjórnsýslulega séð alfarið á ábyrgð sveitarfélaga. Umhverfisstofnun fer nú með samræmingarhlutverk heilbrigðiseftirlits varðandi eftirlit á sviði mengunarvarna og hollustuhátta, en ný stofnun Matvælastofnun vegna matvælaeftirlits. Áberandi er aukin krafa um skýrslugerð til þessara stofnana, sem svo aftur skila skýrslum til EFTA og/eða EB eftir því sem við á.



#### 3.1 Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

|                                       |       |
|---------------------------------------|-------|
| Samtök sveitarfélaga á Austurlandi    | SSA   |
| Umhverfisstofnun                      | UST   |
| Umhverfisráðuneyti                    | UMH   |
| Matvælastofnun                        | MAST  |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti | SLR   |
| Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna  | HES   |
| Heilbrigðiseftirlit Austurlands       | HAUST |
| Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða      | SHÍ   |



## 4 Heilbrigðisnefnd

Frá því að skipað var í stjórn HAUST á aðalfundi SSA 2006 fyrir yfirstandandi kjörtímabil, hafa orðið tvær breytingar á nefndinni: Á miðju ári 2008 tók Árni Kristinsson við af Sigurði Ragnarssyni, sem annar fulltrúi norðursvæðis í nefndinni og á aðalfundi 2009 tók Sigurlaug Gissurardóttir við af Birni Emil Traustasyni sem annar af fulltrúum suðursvæðis, en Björn Emil hafði flutt búferlum frá Hornafirði á árinu. Björn Emil hafði einnig verið varaformaður nefndarinnar, en Árni Kristinsson tók við því embætti. Nefndin var því þannig skipuð á árinu 2009:

|                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
|--------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Formaður:                      | Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Varaformaður:                  | Björn Emil Traustason, Hornafjörður til október 2009<br>Sigurlaug Gissurardóttir, Hornafjörður frá okt. 2009<br>Andrés Skúlason, Djúpvogur<br>Árni Kristinsson, Fljótsdalshérað<br>Borghildur Sverrisdóttir, Vopnafjörður                                                                                 |
| Fulltrúi Náttúruverndarnefnda: | Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| Fulltrúi atvinnurekenda:       | Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Varamenn eru:                  | Guðmundur R. Gíslason, Fjarðabyggð<br>Guðmundur Ólason, Fljótsdalshérað<br>Sigurlaug Gissurardóttir, Hornafjörður til okt. 2009, þegar hún tók sæti sem aðalmaður í nefndinni ekki var skipaður annan varmaður í hennar stað<br>Guðrún Ingimundardóttir, Hornafjörður<br>Elfa Rúnarsdóttir, Seyðisfjörður |
| F.h. náttúruverndarnefnda:     | Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| F.h. atvinnurekenda:           | Auður Ingólfssdóttir, Fljótsdalshérað                                                                                                                                                                                                                                                                     |

Nefndin hefur starfað vel saman og fólk þekkt orðið vel eftir 3ja ára samstarf.



### 4.1 Starf Heilbrigðisnefndar

Á árinu 2009 voru haldnir fundir skv. eftirfarandi:

|                 |                                                                            |
|-----------------|----------------------------------------------------------------------------|
| 14. janúar 2009 | Símfundur                                                                  |
| 25. mars 2009   | Símfundur                                                                  |
| 13. maí 2009    | Snertifundur haldinn í Neskaupstað, þar sem Búland og safnahús voru skoðuð |
| 24. júní 2009   | Símfundur                                                                  |



|                   |                                       |
|-------------------|---------------------------------------|
| 2. september 2009 | Símfundur                             |
| 20. október 2009  | Símfundur                             |
| 4. nóvember 2009  | Símfundur                             |
| 11. nóvember 2009 | Aðalfundur haldinn í Fljótsdalshreppi |

Samtals 7 fundir auk aðalfundar.

Í starfi nefndarinnar er lögð áhersla á stefnumörkun frekar en að ítarlega sé fjallað um einstök mál. Starfsmenn hafa umboð til að afgreiða mál milli funda ef allt er í samræmi við lög og reglur en slík mál eru bókuð á næsta fundi á eftir. Einnig hafa framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður leyfi til að afgreiða erindi milli funda ef þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Með þessu vinnulagi er reynt að hraða afgreiðslu mála eftir föngum.

## 5 Starfslið HAUST árið 2009

### 5.1 Starfsmenn 2009

Árni Jóhann Óðinsson hætti störfum hjá HAUST seint á árinu 2008 og í hans stað var ráðinn Leifur Þorkelsson, sem starfaði áður hjá HAUST á árunum 2004-2006. Leifur var því vel kunnugur verklagi hjá HAUST og staðhättum á Austurlandi, þannig að ekki þurfti að leggja í vinnu við að þjálfar upp alveg ókunnugan starfsmann.

Hins vegar varð allmikil uppstokkun í verkefnum milli starfsmanna á norður- og miðsvæðinu, þar sem Árni hafði áður sinnt mengunarvarnaeftirliti og Helga ásamt Dönu matvælaeftirliti, auk þess sem Helga sinnti framkvæmdasvæði við Kárahnjúka. Þegar Leifur vann hjá HAUST á árunum 2004-6 sinnti hann fiskvinnslufyrirtækjum og matvælafyrirtækjum, enda hentar hans menntun sem sjávarútvegsfræðingur vel þeim fyrirtækjaflokkum. Helga tók því að mestu við eftirlitsverkefnum sem Árni var með auk þess að sinna virkjanasvæðum áfram. Þar sem Leifur kom ekki til vinnu fyrr en í mars var fjármagn til að ráða tímabundið til verkefnavinnu, enda nauðsynlegt að gera átak í að ljúka starfsleyfavinnslu fyrir litlar vatnsveitur.

Mönnun á árinu 2009 var sem hér segir.

| Svæði /aðsetur heilbrigðisfulltrúa                                                    | Starfsmaður eða heilbrigðisfulltrúi                                                 | Stöðugildi                                                                            |
|---------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|
| Hafnarsvæði                                                                           | Borgþór Freysteinnsson, <b>BF</b><br>mjólkurfræðingur                               | 40% stöðugildi.                                                                       |
| Fáskrúðsfjörður til Djúpavogs                                                         | Hákon Hansson, <b>HH</b><br>dýrlæknir og heilbrigðisfulltrúi                        | 35% stöðugildi                                                                        |
| Mið- og norðursvæði Austurlands auk sérhæfðs eftirlits með ákveðnum fyrirtækjaflokkum | Helga Hreinsdóttir <b>HHr</b><br>næringarfræðingur, kennari og heilbrigðisfulltrúi  | 100% stöðugildi framkvæmdastjóri                                                      |
|                                                                                       | Leifur Þorkelsson, <b>LP</b><br>Sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi        | 100% stöðugildi staðgengill frkvst. Hóf störf í mars 2009.                            |
|                                                                                       | Júlía Siglaugsdóttir, <b>JS</b><br>kennari með raungreinaval og heilbrigðisfulltrúi | 60% stöðugildi                                                                        |
|                                                                                       | Erla Dóra Vogler, <b>EDV</b><br>Jarðfræðingur                                       | Verkefnaráðin í 4 vikur í júlí og ágúst til að sinna eftirliti með litlum vatnsveitum |




## 5.2 Stöðugildi og starfsmannafjöldi

Nokkur umræða hefur verið um mönnun hjá HAUST og aðilar hafa spurt hvort starfsmenn hafi nóg af verkefnum eftir að stórframkvæmdum á virkjanasvæði og við álver lauk. Því þykir rétt að ítreka hér að árið 2004 fékkst heimild fyrir stöðugildi til viðbótar því sem fyrir var. Sú heimild minnkaði í ½ stöðugildi á árinu 2008 og var tekin af árið 2009. Mönnun var því á árinu 2009 sú sama og var á árinu 2003.


Lengi vel stóðu vonir til að hægt yrði að halda a.m.k. ½ stöðugildi áfram með því að fá framseld eftirlitsverkefni frá UST. Þrátt fyrir dyggan stuðning sveitarstjórnarmanna með ályktunum á aðalfundum SSA og stuðningsyfirlýsingu allra þingmanna norð-austurkjördæmis gekk það ekki eftir. Það er mat HAUST að þarna hafi tapast tækifæri til að halda í vinnu hæfum starfsmönnum sem búið var að þjálf til eftirlitsverka og sem höfðu sótt sérstök námskeið sem eru forsenda þess að fá réttindi sem heilbrigðisfulltrúi.

Eftirfarandi stólpárit sýna þróun í mönnun og mannhaldi hjá HAUST á undanförunum árum.



Fjöldi stöðugilda og unnin ársverk hjá HAUST á árunum 2001 til 2010





Stólparitið hér að ofan sýnir unnin ársverk og mikinn stöðugleika í mannahaldi hjá HAUST.

### 5.3 Menntun og endurmenntun starfslíðs

Miklar breytingar eru framundan í matvælaeftirliti og einnig varðandi vatnatilskipun EB. Því var bagalegt að fé var af mjög skornum skammti til að sinna endurmenntun og þátttöku í fundum, þar sem kynnt voru og undirbúin verkefni í tenglum við breytingar. Þó tóku starfsmenn þátt í eftirfarandi fræðslu- og kynningarfundum.

|            |                        |                                                                                      |
|------------|------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|
| 6.mar      | HHr                    | Fundur UST og MAST í Rvík um vatnshlot og nýja vatnatilskipun                        |
| 3.jún      | JS                     | Námskeið um rekstur og eftirlit í sundlaugum                                         |
| 2.okt      | LP                     | Kynningarfundur UST um sóttvarnavottorð/sóttvarnarundanþágur                         |
| 5.-9.okt   | HHr                    | HACCP námskeið í Bonn í Þýskalandi. Farið á vegum MAST, enginn kostnaður fyrir HAUST |
| 8.-9.okt   | HHr                    | Þing um matvælaeftirlit í Vín í Austurríki. Ferðakostnaður á eigin vegum             |
| 13.-14.okt | HHr, JS, LP, BF og VOH | Haustrfundur SHÍ með UST og MAST                                                     |
| 26.nóv     | HHr                    | Málþing um notkun lífræns úrgangs í Gunnarsholti. Farið á eigin vegum                |

Starfsmenn hittust tvisvar árinu á vinnufundum. Þar er m.a. gerð grein fyrir fundum og námskeiðum sem einstakir starfsmenn hafa sótt.

- 26. mars 2009

Á þessum fundi var rætt um verkaskiptingu milli starfsmanna, sagt frá námskeiði um neysluvatn og vatnshlot (nýrði, þýðing á enska orðinu water body) en einnig um sýnatökur af neysluvatni og skilgreiningu á náttúrulaugum. Ítarlega var farið yfir starfsleyfisamma og starfsleyfisskilyrði, enda þykir nauðsynlegt að leggja sterkari grunn undir starfsleyfin eftir að þau eru gefin út til 12 ára í stað fjögurra áður.

- 4. nóvember 2009



Starfsmenn sögðu hver öðrum frá ráðstefnum og fundum sem þeir höfðu setið. Einnig var rætt um sértæk eftirlitsverkefni, svo sem útimarkaði og sundlaugaeftirlit í kjölfar alvarlegs slyss og dóms sem féll í kjölfar þess. Unnin var tillaga til Heilbrigðisnefndar um viðbrögð við brotum á matvælaeignarlögreglu, þ.e. þegar innra eftirlit skortir í matvælafyrirtækjum o.fl.



Starfsmannafundur haldinn í Mið-Löndum í Stöðvarfirði 3.11.2009. Borgþór, Júlía, Hákon, Helga, Leifur.

## 6 Samstarf út fyrir Austurland

Vegna anna í daglegu eftirliti meðan á stórfamkvæmdum stóð var mörkuð sú stefna að starfsmenn HAUST tækju ekki þátt í vinnuhópum, nema að mjög takmörkuðu leyti. Á árinu 2009 var í sparnaðarskyni nánast tekið fyrir allar fundaðir til Reykjavíkur sem mögulega var hægt að komast hjá og því varð ekki af því að starfsmenn yrðu virkari í vinnu við gerð starfsreglna og öðrum samstarfsverkefnum. Heilbrigðisfulltrúar á landsbyggðinni finna glögg fyrir því hve tengsl rofna og einangrun eykst ef ekki er tekin þátt í slíki vinnu. Áþreifanlegt er að vinnuhópar eingöngu mannaðir af starfsmönnum af höfuðborgarsvæðinu taka meira mið af þéttbýlinu og sem á ekki alltaf erindi til okkar.

Það er mat skýrsluhöfunda að mikilvægt sé að rifja upp þá stefnu sem mörkuð var af Svæðisnefnd Heilbrigðiseftirlits Austurlands og síðan af heilbrigðisnefnd að mikilvægt væri að starfsmenn tækju þátt í vinnuhópum og reglugerðarsmíð til að tryggja að sjónarmið landsbyggðarinnar og Austurlands heyrðust hátt og skýrt.

Af hálfu HAUST hefur ítrekað verið minnt á að síma- og fjarfundir geta komið a.m.k. að hluta til í stað snertifunda og nú er í vaxandi mæli farið að nýta slíkt.

### 6.1 Vinnuhópar HES, UST og MAST

Á vegum UST og HES eru starfandi þrír vinnuhópar: Um umhverfisgæði, Efni og efnavöru og um Hollustuhætti. Einnig er starfandi Matvælahópur skipaður fulltrúum MAST og HES. Starfsmenn HAUST hafa lítilla tekið þátt í vinnu umhverfisgæðahóps og hollustuháttahóps. Staðan í vinnuhópum +a vegum sem HAUST tekur þátt í er þannig:

- Vinnuhópur um gjaldskrár Heilbrigðiseftirlitssvæða sem skipaður var af UHR árið 2008 hefur ekki lokið störfum.
- Vinnuhópur um endurskoðun framsalssamninga sem UST kallaði saman fundaði einu sinni á árinu, en lauk ekki vinnu sinni.
- Vinnuhópur um færana starfsemi var skipaður á vofundi, en hann hefur ekki tekið til starfa.



## 6.2 Vorfundur

Tveggja daga vorfundur (framkvæmdastjórar HES, yfirmenn hjá UST og MAST auk fulltrúa frá ráðuneytunum tveim) var að þessu sinni haldinn á Dalvík og var með nýju sniði, enda eru nú tvær stofnanir með samræmingarhlutverk gagnvart HES í stað einnar áður og tvö ráðuneyti fara með málefni HES.

UST og UHR mættu fyrri daginn og funduðu um sérmál umhverfis og hollustuhátta, síðan mættu starfsmenn MAST og fulltrúar frá LSR og seinni part fyrri dagsins var fundað um sameiginleg málefni allra aðila, svo sem förgun á sóttmenguðum úrgangi og skipulagsmál. Seinni daginn hurfu fulltrúar UST og UHR af vettvangi og HES fundaði áfram með MAST og LSR.

Mikilvægt þykir að undirbúa vorfundi vel og ekki síður að vinna vel úr þeim atriðum sem teknar eru ákvarðanir um. Vorfundir þessir eru hugsaðir sem stefnumótunarfundir, enda brýnt að allar stofnanirnar séu samstíga eftir því sem unnt er.

## 6.3 Haustfundur

Haustfundur var með sama sniði og árið 2008 og haldinn á ábyrgð SHÍ, sem þá einnig réð dagskránni. Á haustfundi mæta allir starfsmenn heilbrigðiseftirlitssvæðanna auk starfsmanna UST og MAST og fulltrúa frá ráðuneytunum. Framsöguerindi voru mörg og unnið úr þeim í hópavinnu. Þetta form fundar skilar heilbrigðisfulltrúum góðum tengslum við aðra starfsmenn sem sinna samskonar verkefnum og er mjög fræðandi auk þess sem vinnan stuðlar mjög að samræmingu vinnulags milli HES.

## 6.4 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

3. febrúar var haldinn vorfundur SHÍ í Reykjavík og 10. september var aðalfundur haldinn í Hvalfirði. Valdimar O. Hermannsson, formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands er einnig formaður SHÍ.

Á vorfundinum var aðalefnið ný matvælalöggjöf, en á aðalfundi fjallaði fulltrúi frá sóttvarnalækni um svínaflensufaraldurinn og viðbragðsáætlanir tengdum slíkum farsóttum.

Stjórn SHÍ hefur fundað með UST og MAST og einnig með ráðuneytum beggja stofnana. Stjórnin sendi einnig út bréf til að kynna stjórnvöldum og samstarfsaðilum tilvist og tilgang samtakanna, þ.e. að vera málsvari og tengiliður heilbrigðiseftirlitssvæðanna. SHÍ hefur einnig fundað með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og átt vaxandi og gott samstarf við Sambandið.

Á vegum SHÍ var haldinn símfundur forsvarsmanna UST og framkvæmdastjóra HES auk þess sem stjórn SHÍ hittir forstjóra UST árlega. Til stendur að hafa símfund yfirmanna hjá UST og HES mánaðarlega og eru fundirnir til þess fallnir að styrkja samstarf aðila og verður spennandi að sjá hvernig þeir munu þróast.

# 7 Stjórnsýsla

## 7.1 Fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja og skipting eftir sveitarfélögum

Starfsstöðvar vegna tímabundinna stórfamkvæmda voru nánast allar lagðar af seint á árinu 2009. Mikið var um breytingar í atvinnulífinu, gjaldþrot, kennitöluskipti o.þ.h. voru mun meiri en gengur og gerist og því miður tókst alls ekki að halda utan um þær sviptingar allar. Nokkuð var um að tiltölulega stór fyrirtæki legðu af sína starfsemi, en að starfsmenn eða aðrir hæfu starfsemi í húsnaðinu án þess að sótt væri um leyfi





eða sendar upplýsingar þar um til HAUST. Einnig var nokkuð um að starfsemi væri flutt milli húsa án samráðs við HAUST. Starfsstöðvum hefur því ekki fækkað þrátt fyrir efnahagshrun, en fyrirtæki og umsvif hafa minnkað. Þetta er samskonar þróun og sést hefur áður, t.d. á Vestfjörðum, þegar stórum fiskvinnslufyrirtækjum fækkaði en í þeirra stað kom fleiri lítil. Starfsmenn HAUST gera því skóna að enn sé eitthvað af litlum fyrirtækjum með starfsemi í iðnaðarhverfum án þess að upplýsingar þar um séu hjá HAUST. Þess vegna er gott samstarf við sveitarstjórnir og tæknideildir afar mikilvægt og upplýsingaflæði þar um.

Í samræmi við hefð sem skapast hefur eru hér að neðan birt stólparit sem sýna fjölda eftirlitsskyldra starfsstöðva eftir svæðum á Austurlandi, þ.e. norður- mið og suðursvæði eins og þau eru skilgreind í stofnsamningi um HAUST:

Norðursvæði: Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótisdalshreppur og Fljótisdalshérað.


Miðsvæði: Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur

Suðursvæði: Sveitarfélagið Hornafjörður og Djúpavogshreppur.



**Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva yfirlit árána 2002-2009**






**Fjöldi tímabundinna starfsstöðva eingöngu í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi 2002-2009**

## 7.2 Fjárhagsáætlun og gjaldskrármál

Fjárhagsáætlun ársins 2008 stóðst ekki hjá HAUST frekar en mörgum öðrum stofnunum á því ári og fór reksturinn talsvert fram úr áætlun. Á aðalfundi 2008 var ítarlega farið yfir fjármál HAUST og samþykkt að hækka gjaldskrána fyrir árið 2009. Auk þess að hækka gjaldskrána var mjög saumað að rekstri og t.d. nánast tekið fyrir allar fundaðerðir seinni part ársins þegar flugfargjöld hækkuðu enn. Sömuleiðis var dregið saman í tölvunotkun og símlínum fækkað. Árangurinn varð góður og þótt ekki liggi fyrir endurskoðaður ársreikningur er ljóst að reksturinn var réttu megin við núllið á árinu 2009.



**Þróun gjaldskrármála HAUST 2004-2009**

## 7.3 Yfirtaka eða framsal eftirlits frá UST til HAUST

Þrátt fyrir endurteknað bréfaskrif og dyggan stuðning allra sveitarfélaga á Austurlandi sem og allra þingmanna Norðausturkjördæmis hafa ekki tekist samningar með UST og HAUST um frekara framsal eftirlitsverkefna en það sem fyrir var, þ.e. eftirlit með fiskimölsverksmiðjum skv. samningi frá 1994 og með sorpförgun og spilliefnamóttöku frá 1998. Miklu frekar hefur þessum samningum nú verið sagt upp



einhlíða af hálfu UST í þeim tilgangi að endurskoða samningana. Óttast er að fjárhagslegt hagræði fyrirtækjanna af eftirlit frá nærliggjandi stjórnvaldi (HAUST í stað UST) verði tekið af, enda telur UST nú þvert á samning sem gerður var 2003 að innheimta skuli eftirlitsgjald skv. gjaldskrá UST en ekki HAUST.

#### 7.4 Samskipti MAST og HES

MAST var stofnuð á árinu 2008 úr matvælasviði UST, Landbúnaðarstofnun o.fl. ríkisstofnunum sem komu að eftirliti matvæla og fóðurs. Forsjá alls matvæla- og fóðureftirlits var flutt til sjárútsvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Ljóst er að nokkurn tíma tekur fyrir nýja stofnun að fóta sig, en í stuttu máli sagt hafa verið lítil samskipti milli MAST og HES á árinu. 2009. Matvælahópur, faghópur MAST og HES, hefur þó starfað.


Seint á árinu 2009 var loks gengið frá nýjum matvælalögum á Alþingi og í þeim er kveðið á um að MAST skuli yfirtaka allt eftirlit með mjólkurstöðvum og kjötvinnslum öðrum en þeim sem eru í bakrými smásöluverslana. Vegna dyggrar samvinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og HES tókst í seinustu umræðu um lögina að setja inn ákvæði um að heimilt er að framselja eftirlitsverkefni milli stofnana, enda hefðu lögini óbreytt í för með sér talsverðan verkefnaflutning frá sveitarfélögum til ríkis og einnig mikinn kostnaðarauka fyrir lítil fyrirtæki, enda mun HES hafa eftirlit með mengunarvörnum starfsstöðvanna eftir sem áður og því þyrftu aðilar að taka við tveim eftirlitsaðilum stað eins. Ekki liggur þó fyrir hvort og hvenær af slíkum framsalssamningum getur orðið og því þarf HAUST að búa sig undir fækkun verkefna á næsta ári.

## 8 Starfsleyfi og eftirlitsverkefni ársins 2009

### 8.1 Starfsleyfi fyrirtækja


Starfsleyfi eru nú jafnan gefin út til 12 ára í stað fjögurra áður. Þetta er í samræmi við tillögu SHÍ um að samræma lengd starfsleyfa hjá HES. Einnig er nú formlega heimilt að vinna eitt kaflaskipt starfsleyfi fyrir starfsemi sem er á sama lögheimili, þótt ekki leyfin séu gefin út á grunni mismunandi laga og reglugerða. Þetta hvort tveggja gerir að mati starfmanna HAUST kröfur til ítarlegri starfsleyfavinnslu en áður hefur verið gert.

#### 8.1.1 Fjöldi útgefinna leyfa



Súluritið hér að ofan sýnir fjölda útgefinna starfsleyfa nokkur undanfarin ár.

Örfá leyfi voru gefin út vegna stórframkvæmda og það voru eingöngu leyfi vegna niðurrífs mannvirkja á hálendinu.



Tímabundin leyfi önnur eru leyfi gefin út vegna bæjarhátíða, stakra skemmtana, niðurrífs mannvirkja eða brennuleyfi.


Stólpáritið hér til hliðar sýnir að megnið af leyfum sem unnin voru á árinu 2009 voru vegna endurnýjunar, breytinga á húsnæði eða rekstaraðila.

Tiltölulega lítið var um nýja starfsemi. Í framtíðinni mun

vinna vegna endurnýjunar leyfa minnka, enda eru leyfi nú að jafnaði gefin út til 12 ára í stað fjögurra áður.

## 8.2 Tóbakssöluleyfi

Breyting er að verða hvað varðar sölustaði tóbaks. Veitingastaðir og matvöruverslanir hverfa jafnvel frá því að selja tóbak, en í staðinn hafa fyrirtæki sem ekki hafa selt tóbak hingað til sótt um smásöluleyfi vegna þessa, bakarí og varahlutaverslun eru í þeim hópi. Að mati HAUST er þetta ekki æskileg þróun.




## 8.3 Eftirlit í fyrirtækjum


Áeftirlitsskrá ársins 2009 voru 594 starfsstöðvar. 567 starfsstöðvar voru heimsóttar í reglubundnu eftirlit, 5 eftirfylgniferðir voru farnar, 63 úttektarferðir m.a. vegna nýrra eða breyttra starfsleyfa og 8 eftirlitsferðir voru farnar í starfsleyfisskyldar starfsstöðvar vegna kvartana. Samtals 643 eftirlitsferðir.



Ástæða þess að eftirlitsferðir í reglubundnu eftirliti eru færri en áætlaðar eftirlitsferðir er sú að erfitt er að ná í einyrkja og ekki síður það að allmörg fyrirtæki sem voru á eftirlitsskrá höfðu hætt starfsemi þegar reynt var að fara í eftirlit. Í starfsleyfum er tekið fram að tilkynna skuli breytingar og lok starfsemi til HAUST, en því er því miður ekki nógu oft sinnt.



Fjöldi starfsstöðva á eftirlitsáætlun og eftirlitsferðir 2009, eftir sveitafélögum.



Fjöldi starfsstöðva á eftirlitsáætlun og fjöldi eftirlitsferða á árunum 2005-2009.

#### 8.4 Kvartanir

39 formlega kvartanir voru færðar til bókar árið 2009. Öllum kvörtunum er sinnt, annaðhvort símleiðis og/eða með vettvangsskoðun.

Gróf flokkun á eðli kvartana er sem hér segir:



|                                      |                                                                                                                                                |
|--------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 15 kvartanir vegna hollustuháttamála | Hér er t.d. um að ræða kvartanir vegna vanþrifa eða ótryggs tækjabúnaðar í íþróttamannvirkjum. Þrjár alvarlegar kvartanir voru vegna gæludýra. |
| 6 kvartanir tengdar matvælum         | Aðallega var kvartað undan vanþrifum í matvælafyrirtækjum, vegna útrunninna matvæla og rangmerkinga.                                           |
| 18 kvartanir vegna mengunar          | Flestar kvartanirnar tengjast lyktarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum eða vegna meðferðar úrgangs.                                              |

## 8.5 Samstarfsverkefni UST eða MAST og HES

Af hálfu HAUST er vilji til að taka þátt í samstarfsverkefnum sem skipulögð eru í samvinnu UST eða MAST og HES. Þykir vera akkur af að fá upplýsingar um ástand mála í fyrirtækju á Austurlandi í samanburði við landið og önnur heilbrigðis-eftirlitssvæði. Verkefni í ár voru þó færri en oft áður.

Á árinu 2009 var tekið þátt í eftirfarandi samstarfsverkefnum:

### Verkefni í samvinnu við MAST:

- Sýnataka af kjúklingum vegna Salmonella og Campylobacter
- Sýnataka af svínakjöti vegna Salmonella.
- Könnun á handþvotti starfsmanna í matvælafyrirtækjum. (ekki er búið að vinna úr þessu verkefni)

### Verkefni í samvinnu við UST:

- Lokið var við könnun í framhaldsskólum á merkingum efnavara og á aðstöðu til að geyma og nota þær
- Átaksverkefni um öryggi o.þ.h. í íþróttahúsum
- Könnun á loftræsikerfum í stofnunum. Samstarfsaðili var Lagnafélag Íslands.

## 8.6 Efst á baugi í matvælaeftirlitinu

### 8.6.1 Vatnsveitur og sýnatökur á neysluvatni

Taflan hér að neðan sýnir fjölda vatnsveitna á starfssvæði HAUST og einnig hve mörg sýni skal taka af neysluvatninu í reglubundnu eftirliti.

| Vatnsveitur á Austurlandi 2009 | sýnatökur skv. neysluvatnreglugerð |                         |                                                         |
|--------------------------------|------------------------------------|-------------------------|---------------------------------------------------------|
|                                | fjöldi                             | reglubundin sýni árlega | heildarúttekt árlega                                    |
| Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 5                                  | 4                       | 1                                                       |
| Vatnsveitur 501-1.000 íbúa     | 7                                  | 4                       | 1                                                       |
| Vatnsveitur 151-500 íbúar      | 5                                  | 1                       | Ákvörðun heilbrigðisnefndar í samráði við Hollustuvernd |
| minni vatnsveitur              | 85                                 | annað hvert ár          |                                                         |

Nokkur ár hefur tekið að ná utan um starfsleyfisvinnslu fyrir litlar vatnsveitur. Sumar af litlu vatnsveitunum uppfylltu alls ekki skilyrði þess að unnt væri að gefa út starfsleyfi, aðrar voru þokkalega vel búnar en uppfylltu þó ekki öll skilyrði. Vegna þessa var á fundi heilbrigðisnefndar í júní 2004 samþykkt eftirfarandi verklag um starfsleyfisvinnslur fyrir litlar vatnsveitur:

*Afgreiðsla umsókna um starfsleyfi fyrir litlar vatnsveitur*



1. Vatnsból lokað, afgirt og örugg. Neysluvatn nothæft skv. rannsókn => starfsleyfi gefi út til fjögurra ára. Ef vatnsból stöðugt og sýni einnig mætti fækka eftirliti í fjórða hvert ár eftir aðra skoðun.

2. Vatnsból lokað, en eitthvað vantar; girðingu, flugnanet eða þ.h. Mat heilbrigðisfulltrúa að vatnsbólið sé nokkuð öruggt.

Neysluvatn nothæft skv. rannsókn => Starfsleyfi gefið út til fjögurra ára en með kröfu um úrbætur innan eins árs.



1



2

3. Vatnsból þokkalegt, en að mati



3



4

heilbrigðisfulltrúa ekki tryggt að yfirborðsvatn komist ekki inn á kerfið, girðingu ábótavant eða þ.u.l. Starfsleyfi gefið út en aðeins til eins árs.

4. Vatnsból opið eða af öðrum orsökum ekki unnt að gefa út starfsleyfi. Starfsemi sem háð er neysluvatninu fær starfsleyfi ekki endurnýjað fyrir en vatnsveita hefur fengið starfsleyfi. Gefa að hámarki eins árs frest.

Starfsleyfi fyrir fyrirtæki sem eru háð vatnsveitum verði ekki endurnýjuð nema vatnsveitur verði komnar með starfsleyfi.

Enn er ekki lokið vinnu við að ná fyllilega utan um allar litlu vatnsveiturnar. Enda hefur þurft að ganga eftir því að fá úrbætur á umbúnað sumra vatnsveitna.

Enn eru um 15 vatnsveitur á skrá án gilds starfsleyfis og um 20 starfsleyfi fyrir litlar vatnsveitur eru nýlega útrunnin eða um það bil að renna út. Þannig liggur fyrir að enn er allmikil vinna framundan í þessum málaflokki.

Skv. töflunni hér að ofan um fjölda vatnsveitna og tíðni sýnatöku er auðvelt að reikna út að taka átti um 95 reglubundin sýni af neysluvatni. Raunfjöldi sýna af neysluvatni varð hins vegar 149. Þessi fjöldi umfram áætlun skýrist af því að ef of margir gerlar finnast í vatninu þarf að endurtaka sýnið og þá er oft tekið sýni bæði af vatnsbóli og veitukerfi. Einnig var á árinu allmikið um sýnatökur fyrir einkaaðila, en HAUST reynir að þjónusta bændur, fiskvinnslur o.fl. með sýnatökur ef eftir því er óskað. Auk þessa var nokkuð um sýnatökur vegna áforma um nýjar vatnsveitur.


Í svokölluðum heildarúttektum eru mældir ýmsir efna- og eðlisfræðilegir þættir og stóran hluta þeirra mælinga þarf að framkvæma erlendis. Rannsóknin er allkostnaðarsöm og eitthvað hefur borið á því að sveitafélög hafa veigrað sér við að



greiða þennan kostnað, enda þurfa þau að gæta sparnaðar í hvívetna. Vegna þessa hefur HAUST benti sveitarfélögum á að ef þau hafa tekið heildarsýni yfir a.m.k. 3ja ára tímabil og fengið mjög samstæðar niðurstöður geta þau sótt um undanþágu frá áframhaldandi sýnatökum úr viðkomandi neysluvatnsveitu. Þó er rétt að benda á að í vaxandi mæli óska matvælafyrirtæki eftir upplýsingum um gæði neysluvatns og það gæti komið fyrirtækjum og sveitarfélögum illa að hafa ekki slíkar upplýsingar.

#### 8.6.2 Ís úr vél.

Yfirlit yfir fjölda íssýna og niðurstöður gerlarannsóknna á þeim árin 2003-2009 sjást á súluritinu hér að neðan.



Enn var haldið áfram að fylgjast vel með örverufræðilegum gæðum íss úr vél. Gæði hafa batnað en ennþá er full ástæða til að halda þessu verkefni áfram, enda er ísinn afar viðkvæm vara og ef ísvélum er ekki vel við haldið og þrífnað dafna örverur afar vel í hráefninu.

Endurtökusýni voru færri en í fyrra, enda tóku rekstaraðilar ísvélar úr notkun og/eða sendu þær til þjónustuaðila til skoðunar og lagfæringa ef þriðja sýni kom illa út, frekar en að láta loka vélunum.

#### 8.6.3 Innra eftirlit í matvælafyrirtækjum

Það er mat heilbrigðisfulltrúa að matvælafyrirtæki sinni ekki skyldum sínum um virkt og sýnilegt innra eftirlit af nægri alvöru. Nokkuð var um tilfelli, þar sem engin gögn lágu fyrir um innra eftirlit, ekki einu sinni þrífaskráningar, hitastigseftirlit eða gögn um þjálfun starfsmanna og umgengnisreglur. Auk þess sem hér er um að ræða skýrt brot á matvælaireglugerð er alvarlegt að starfsmenn matvælafyrirtækja virðast ekki axla ábyrgð á gæðum og öryggi sinnar framleiðslu. Vegna þessa var nokkrum matvælafyrirtækjum hótað áminningum á árinu 2009 auk þess sem eftirfarandi verklag fyrir starfsmenn var samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar.



Hitastig í kælivöru á að vera 0-4°C

- Ef engin gögn eru um innra eftirlit: Gefa 2ja vikna frest til úrbóta, fara í eftirfylgniferð á kostnað rekstraraðila og gera tillögu um að bóka áminningu hjá heilbrigðisnefnd. Andmælaréttur gefinn og farið að réttri stjórnsýslu í hvívetna.
- Ef eitt eða tvennt af eftirfarnadi vantar: 1. Fræðsla starfsmanna, 2. hitastigsskráning, 3. þrífalýsing/skráning, þá verði veittur 2ja vikna frestur og farin eftirfylgniferð á kostnað rekstraraðila eða ef vægari leið er talin forsvaranleg, þá gefinn kostur á að senda HAUST gögn til sanninda um að þetta hafi verið lagfært.
- Ef liður 2 endurtekur sig hjá sama fyrirtæki, þá verði gerð tillaga um að bóka áminningu og gefinn frestur til úrbóta sbr. fyrsti punkturinn hér að ofan.
- Gera alvarlegar aths. í eftirlitsskýrslu ef 4 og/eða 5 vantar
- Hversu ítarleg gögn þurfa að vera fer alltaf eftir eðli og umfangi starfseminnar, alltaf verður að meta áhættuna.

Í matvælalögum hefur lengi verið ákvæði um að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð kröfu um lágmarksmenntun starfsmanna í matvælaíðnaði. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur ítrekað en árangurslaust kallað eftir að þessi reglugerð verði sett, enda er afar erfitt að leiðbeina starfsmönnum um innra eftirlit og rétta meðhöndlun matvæla hafi þeir ekki lágmarkspekkingu á viðfangsefninu. Fyrirtæki sem hafa á að skipa vel menntuðu fagfólki bjóða að jafnaði uppá öruggari matvöru en aðrir.

#### 8.6.4 Matbornir sjúkdómar

Engin tilfelli voru um matborna sjúkdóma á starfssvæðinu árið 2009 og er það ánægjulegt.

### 8.7 Efst á baugi í mengunarvarnaeftirliti


#### 8.7.1 Eftirlit með virkjanaframkvæmdum.

Þrátt fyrir að Fljótsdalsvirkjun hafi verið formlega vígð og tekin í notkun á árinu 2008 var enn talsvert eftir af verkefnum á virkjanasvæðinu. Samtals voru skráðir 11 dagar í eftirlitsferðir á hálendið á árinu 2009, sem er auðvitað umtalsvert minna en verið hefur undanfarin ár, en m.t.t. þess að dagur í eftirliti kallar á a.m.k. dag í skýrslugerð má reikna með að mánuður hafi farið í vinnu vegna virkjanaframkvæmda. Þá er ekki talið eftirlit með Fljótsdalsvirkjun sjálfri.

Ekki voru margar eftirlitsskyldar starfsstöðvar á skrá á hálendinu, en mikið um tiltektarverkefni, niðurrif mannvirkja og frágang. Því miður þurfti enn að gera alvarlegar athugasemdir við umgengni verktaka á svæðinu og hóta áminningum til að ná fram úrbótum, bæði í Kárahnjúkaglúfri og Hraunaveitusvæðinu.

Heilbrigðisnefnd samþykki heimild til að nota jarðvegsbindiefni á bökkum Háslóns í þeim tilgangi að vernda nálægan gróður gegn sandfoki. Útlit er fyrir að það verkefni muni taka nokkur ár í viðbót.

Lokafrágangur á virkjanasvæðinu er að mati HAUST góður og mun betri en búast mátti við miðað við örðugleika á rekstartímanum. Samvinna við Landsvirkjun og yfirmenn Fljótsdalsstöðvar hefur verið mjög góð.



### 8.7.2 Fráveitumál og olíuskiljur

Í stöðlum um olíuskiljur segir að þær skuli hannaðar í því markmiði að minna en 15 ppm (15 mg/l) af olíu og fitu berist út í fráveitukerfi sem tekur við fráveituvatni frá olíuskiljum. Undanfarin ár hefur HAUST gengið eftir því að hönnunarforsendur séu virtar og stærðir skiljanna séu í samræmi við þetta. Í fyrirtækjum þar sem olíuskiljur eru á fráveitum ber rekstaraðilum að halda gögnum um þjónustu og tæmingar skiljanna, enda alla jafnan miðað við að skiljur geti á hverjum tíma tekið mesta magn sem gæti fallið til í mengunarslysi á viðtökusvæðinu. Illa hefur gengið að fá aðila til halda slíkum gögnum til haga. Ennfremur er lítið um mælingar á magni olíu sem fer frá olíuskiljunum, en nokkrar nýlegar rannsóknir benda til þess að meira fari í gegnum skiljurnar en til er ætlast.

Í reglugerð um fráveitur og skólps er tekið fram að unnt sé að gera frekari kröfur á hreinsun skólps frá iðnaðarfyrirtækjum (einnig matvælavinnslur) í þeim tilgangi að lagnakerfi og skólphreinsivirki beri ekki skaða af. Til að unnt sé að framfylgja þessu geta sveitarfélög sett sér samþykktir um fráveitur á grunni Hollustuháttalaga, rétt eins og þau setja sér samþykktir um gæludýrahald. Að mati HAUST ættu sveitarfélög að skoða þennan möguleika um leið og þau bæta hreinsun skólps, en einnig þar sem svo háttar til að matvælafyrirtæki valda endurteknum stíflunum á fráveitukerfum.

## 8.8 Fréttir af hollustuháttaeftirliti

### 8.8.1 Fjallaskálar

Á árinu var farið í eftirlit í flestalla fjallaskála sem eru með starfsleyfi á Austurlandi og áttak gert í að reyna að ná utan um alla skála þar sem seld er gisting.

Flestir skálanna eru til fyrirmyndar og gott samstarf við rekstaraðila. Því miður þurfti þó að hafna starfsleyfisbeiðni í einhverjum tilfellum, enda uppfylltu aðstæður alls ekki lágmarkskröfur um hollustuhætti. Vonir standa til að ráðist verði í lagfæringar á þeim skálum sem vilji er til að reka, en öðrum verður að loka.



Egilssel við Kollumúlavatn

### 8.8.2 Baðstaðir

Átaksverkefni um öryggi í sund- og baðstöðum var framkvæmt árið 2008. Í kjölfar þess þótti nauðsynlegt að gera tillögur um úrbætur, einum hvað varðar þjálfun starfsmanna, bæði á sviði öryggis (skyndihjálp og sundpróf) og vinnu með tæknibúnað lauganna (hreinsibúnað, klór- og sýrustigsstjórnun). Mikilvægt er einnig að minna alla rekstaraðila sundstaða á að ráðast í endurbætur á klór- og sýrustigsstjórnun á sundstöðum í B og C flokki. Laugar í þessum flokkum eiga að hafa uppfyllt ákvæði um sjálfvirkni, sbr. ákvæði um a flokk lauga fyrir árið 2010.

Sýni af baðvatni eru tekin árlega úr öllum pottum og laugum. Það er mat starfsmanna HAUST að heilnæmi baðvatns á svæðinu í heild fari batnandi og metnaður einnig þar sem þjálfun



Öryggisbúnaður á sundstað


starfsmanna er vel sinnt. Áberandi að á þeim stöðum sem starfsmenn hafa ekki fengið þjálfun í að þjónusta tækjabúnað og



klórblöndun hafa sýni fallið frekar en á öðrum stöðum. Nauðsynlegt er að komið verði upp reglulegri þjálfun fyrir alla baðverði enda er tækjabúnaður sundlauga ærið flókinn.

Stólparitið hér að neðan sýnir niðurstöður baðvatnssýna undanfarin þrjú ár. Áberandi er að baðvatn í sundlaugum fer batnandi, en því miður gildir ekki það sama um heita potta. Pottarnir eru afar viðkvæmir fyrir óhreinindum og því miður hafa rekstaraðilar sumarhúsasvæða í einhverjum tilfellum sett niður heita potta án þess að átta sig á hve mikil vinna og ábyrgð fylgir því að bjóða upp á þjónustuna. Sem betur fer hafa ekki komið upp alvarleg tilfelli sýkinga en hættulegir gerlar hafa fundist í baðvatni á árinu með þeim afleiðingum að rekstaraðilum hefur verið gert að loka pottunum og hreinsa þá ítarlega áður en sýni voru tekin á ný.

Baðvatnssýni tekin árin 2007-2009



### 8.8.3 Íþróttahús.

Átaksverkefni um öryggi í íþróttahúsum var framkvæmt í samvinnu við UST á árinu. Því miður er enn ekki komin út endanleg skýrsla um verkefnið, en skv. fyrstu niðurstöðum er mikilvægt að starfsmenn taki reglulega skyndihjálparnámskeið og bæta þarf aðstöðu til að sinna slösuðum. Öryggisreglur vantar of víða sem og neyðaráætlun auk þess sem bæta þarf hreinlætisáætlun. Þar sem sveitarfélög eru oftast rekstaraðilar íþróttahúsa eru þau hvött til að taka þetta atriði til skoðunar.

### 8.8.4 Gæludýr

Í febrúar 2009 sendi HAUST sveitarfélögum á Austurlandi drög að nýjum gæludýrasamþykktum til að reyna að samhæfa gæludýrasamþykktir sveitarfélaganna og til að uppfæra þær, enda hefur lagagrunurinn breyst hvað varðar dýravernd. Því miður hafa sveitarfélög ekki sett þessi mál í forgang.

Kvartanir vegna gæludýra berast reglulega og eru tímafrek verkefni. Eitt hundabitsmál kom upp á árinu og var það mjög erfitt viðureignar og margir aðilar sem komu þar að. Kvartanir vegna hávaða og óþrifa af dýrum berast á hverju ári en þær eru misalvarlegar. Gæludýrum hefur fjölgað mjög mikið á stuttum tíma og því miður vanvirða of margir dýraeigendur reglur og koma þannig óorði á gæludýr og aðra gæludýraeigendur. Dýraverndarlög eru mjög sterk og eiga vitanlega fullan rétt á sér, en því miður er það mat starfsmanna HAUST að of oft gangi réttur dýranna og dýraeigenda á rétt þeirra sem ekki eiga gæludýr, ekki síst þegar kemur að skít og




skemmdum á lóðum og sumarhúsgögnum. Vonast er til að með endurskoðun þessa málaflokks innan Umhverfissráðuneytis verði tekið á rétti beggja hópanna.

## 9 Um sýnatökur

Fjallað hefur verið um sýni af ís og baðvatni hér að ofan. Ekki þykir þörf á að fjalla ítarlega um sýnatökur ársins að öðru leyti en að birta stólpargildi hér að neðan sem gefur yfirlit yfir sýnatökur undanfarinna ára.

Það sem helst þarfnast skýringa er fjöldi fráveitusýna, en þau urðu fleiri en búist var við á árinu, m.a. vegna endurtöku og rannsókna. Þessi sýni eru langflest tekin að beiðni einkaaðila sem greiða fyrir rannsóknirnar.



## 10 Lokaorð

Hið reglubundna eftirlit og samskipti við sveitarfélög og rekstaraðila er í föstum farvegi og ekki verður annað séð en að nokkur sáttt sé um rekstur HAUST. Hins vegar er ljóst að af hálfu ríkisvaldsins er gerð atлага að verkefnum sveitarfélaganna með því að semja matvælalög sem gera ráð fyrir verkefnaflutningi frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til ríkisstofnunar. Ennfremur liggur fyrir að af hálfu HAUST og annarra HES er sóst eftir framsali eftirlitsverkefna frá ríkisstofnunum, bæði UST og MAST, innan þess ramma sem lög heimila slíkt framsal. Báðar stofnanir hafa formlega hafnað slíkum erindum frá HAUST og UST hefur sagt upp samningum um þau framsalsverkefni sem þó hafa verið um árabíl í þeim tilgangi að endurskoða þá og að því er virðist draga úr fjárhagslegu hagræði starfsstöðvanna af framsali. Af hálfu HAUST virðist því stefna í að verkefnum fækki á næstunni í stað þess að þeim fjölgi í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að færa verkefni til sveitarfélaga og veita aukna þjónustu úr nærumhverfinu.

Samþykkt á fundi  
Heilbrigðisnefndar Austurlands  
10. mars 2010

Helga Hreinsdóttir,  
frkvstj. HAUST

